

REGLUGERÐ

um gjöld fyrir umsóknir og afgreiðslu einkaleyfa.

1. gr.

Fyrir umsóknir og meðhöndlun þeirra greiðast eftirtalin gjöld:

a) Umsóknargjald	kr.	300,00
b) Rannsókn á beiðni um einkaleyfi, skv. 15. gr. laga nr. 12/1923	—	1 200,00
c) Afrit af auglýstri einkaleyfisumsókn (lýsing, kröfur og teikningar, allt að 20 síður A4)	—	65,00
d) Staðfest afrit af auglýstri einkaleyfisumsókn	—	90,00
e) Forgangsréttarskjal	—	130,00

2. gr.

Fyrir innritanir í einkaleyfaskrá og útskriftir varðandi veitt einkaleyfi greiðast eftirtalin gjöld:

a) Innritun í einkaleyfaskrá á breytingum er snerta einkaleyfishafa eða umboðsmann	kr.	90,00
b) Staðfest útskrift úr einkaleyfaskrá	—	65,00
c) Staðfest afrit af veittu einkaleyfi	—	130,00

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 25. gr. laga nr. 12/1923 um einkaleyfi og öðlast gildi 1. janúar 1982.

Iðnaðarráðuneytið, 15. desember 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Gunnar Guttormsson.**REGLUGERÐ**

um gjöld fyrir vörumerki o. fl.

1. gr.

Fyrir tilkynningu vörumerkis til skráningar greiðist:

a) Grunn gjald, einn vöruflokkur innifalinn	kr.	520,00
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	—	120,00

2. gr.

Fyrir tilkynningu vörumerkis til endurnýjunar greiðist:

a) Grunn gjald, einn vöruflokkur innifalinn	kr.	520,00
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	—	120,00

3. gr.

Fyrir tilkynningu gæðamerkis til skráningar og endurnýjunar greiðist:

a) Grunn gjald, einn vöruflokkur innifalinn	kr.	880,00
b) Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn	—	120,00

4. gr.

Önnur gjöld eru:

a) Innritun í vörumerkjaskrá	kr. 90,00
b) Útskrift eða staðfest myndrit úr vörumerkjaskrá	— 65,00
c) Fyrir athugun á því hvort vörumerki sé skráð greiðist fyrir hvern vöruflokk sem athugunin nær til	— 65,00

5. gr.

Gjöld samkvæmt 1., 2. og 3. gr. skulu greidd við afhendingu tilkynningar, þó með þeirri undantekningu að flokkagjöld skv. 1. gr. b) greiðast ekki fyrr en merkið hefur verið skráð.

Ekki skal endurgreiða gjöld skv. 1., 2. og 3. gr. reglugerðarinnar þótt synjað sé um skráningu eða umsókn afturkölluð.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 46. gr. laga nr. 47 um vörumerki og öðlast gildi 1. janúar 1982. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis nr. 553, 14. október 1980.

Iðnaðarráðuneytið, 15. desember 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.Gunnar Guttormsson.